



Félag um innri  
endurskoðun

Fréttabréf Félags um innri endurskoðun

# FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

NÓVEMBER 2013

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

**MORGUNVERÐAR-  
FUNDUR FIE** 1

**HUGMYNDAHORNID  
-VALUE FOR MONEY** 1

**HAUSTRÁDSTEFNA  
FIE 2013** 2

**KYNNING Á  
FÉLAGSMANNI** 3

**KYNNING Á  
FÉLAGSMANNI** 4

**PISTILL STJÓRNAR** 5

## MORGUNVERÐARFUNDUR FIE

Fyrsti morgunverðarfundur vetrarins verður 20. nóvember á Grand Hótel Reykjavík.

Fyrirlesarar að þessu sinni eru þrír talsins. Gréta Gunnarsdóttir, CIA, sérfræðingur í innri endurskoðun hjá Íslandsbanka mun fræða okkur um núverandi CIA prófaferilinn en Gréta lauk nýverið prófunum og er nýjasti félagsmaður FIE með CIA vottunina. Þá mun Sigríður Guðmundsdóttir, CIA, CCSA, taka við og fara yfir hvaða endurmenntunarleiðir eru í boði til að viðhalda gráðunni og skil á endurmenntunareiningum. Nanna Huld Aradóttir, CIA, fer að lokum yfir breytingar á lagaumhverfi þar sem gerðar eru kröfur um sérþekkingu í innri endurskoðun.

Fundurinn hefst kl. 8:30 en morgunverður verður í boði frá kl. 8:00. Vinsamlegast skráið þátttöku á [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is) í síðasta lagi 19. nóvember. Fundargjald er 2.800 kr.

## HUGMYNDAHORNID – VALUE FOR MONEY AUDITING

*Nýtt námskeið á vormánuðum um „Value for Money and Performance Auditing“*

Við undirbúning á haustráðstefnu kom í ljós að það eru fjölmörg námskeið í boði sem eru afar áhugaverð en hentuðu ekki nógu vel sem haustráðstefnuefni þar sem þau voru dýr og takmörkuðu fjölda þátttakenda meira en fræðslunefnd var tilbúin til að samþykkja. Eitt af þeim námskeiðum sem fræðslunefnd fannst hvað mest spennandi var „Value For Money and Performance Auditing“ en fjöldi þátttakenda á það námskeið var takmarkaður við 20 manns og kostaði um 130 þúsund hvert pláss. Þar sem fræðslunefnd hefur áhuga á að bjóða upp á slíkt námskeið þrátt fyrir að það hafi ekki uppfyllt skilyrði haustráðstefnu þá langar fræðslunefndina til að kanna hvort meðal okkar ágætu félagsmanna leynist 20 manns sem hafa áhuga á og myndu vilja taka þátt í þessu námskeiði.

Fræðslunefnd mun senda út póst á næstunni og biðja félagsmenn um að svara því hvort áhugi sé fyrir hendi og sjáum við þá fyrir okkur að reyna að halda námskeiðið „Value for Money and Performance Auditing“ með vorinu 2014. Við biðjum ykkur endilega um að svara þeim pósti, því ef viðbrögðin verða jákvæð förum við strax í undirbúning. Það er ekki litið á jákvætt svar sem bindandi fyrir viðkomandi, en við biðjum fólk vinsamlegast að svara ekki játandi nema það telji raunverulegar líkur á því að taka þátt.

## HAUSTRÁÐSTEFNA FIE 2013

Haustráðstefna Félags um innri endurskoðun var haldin á Hótel Natura dagana 9.-11. október síðastliðinn. Að þessu sinni fékk félagið til liðs við sig fyrirlesara frá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda, IIA, með námskeiðið „Assessing Your Organization's Risk Management Process“ sem má þýða á íslensku sem „Mat á áhættustýringarferlum fyrirtækis þíns“. Fyrirlesarinn heitir Donald Espersen, CIA, CRMA, og hefur hann mikla og góða reynslu af kennslu á námskeiðum hjá IIA. Donald er sjálfstæður innri endurskoðunarráðgjafi. Fyrirtæki hans, *despersen & associates*, sérhæfir sig í hönnun og kennslu á sérhæfðum námskeiðum og gæðaumbótaverkefnum á sviði innri endurskoðunar. Áður en *despersen & associates* var stofnað á árinu 1999, gegndi Donald ýmsum störfum í fjármálafyrirtækjum, sem framkvæmdastjóri innri endurskoðunar CAE, yfirmaður innri endurskoðunar og sem starfsmaður innri endurskoðunardeilda. Donald er einn af reyndustu leiðbeinendum hjá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda, IIA.

Á námskeiðinu fjallaði Donald um ISO staðal nr. 31000 um áhættustýringu og COSO ERM um áhættustýringu, sem algengustu viðmiðin sem áhættustýringarfræðin byggja á. Báðar nálganirnar hafa sína kosti og galla og var það mat Donalds að báðar hefðu þær nokkuð til síns ágætis. Einnig kom fram að gott væri að hafa þær báðar til hliðsjónar við mat á áhættustýringarferlum fyrirtækja.

Á námskeiðinu voru mörg hópverkefni þar sem ákveðin álitamál á sviði áhættustýringar voru leyst. Fulltrúar fræðslunefndar hittu Donald eftir annan dag námskeiðsins og var hann ánægður með hópinn. Eftir að námskeiðinu lauk fengu allir þátttakendur senda þátttökukönnun vegna námskeiðsins. FIE hefur ekki gert formlega könnun á því hvernig haustráðstefnan og námskeiðið mæltist fyrir en það er von fræðslunefndar að vel hafi tekist til.

Góð þátttaka var á haustráðstefnunni og mættu 24 félagsmenn og 7 utanfélagsmenn, alls 31 manns. Undanfarin ár hefur með haustráðstefnu FIE verið boðið upp á vönduð námskeið sem höfða til sem flestra félagsmanna. Eitt af markmiðum fræðslunefndar hefur verið að námskeiðunum stýri hæfir og reyndir erlendir fyrirlesarar. Við undirbúning haustráðstefunnar að þessu sinni stóð fræðslunefndin frammi fyrir því að þau námskeið sem buðust voru almennt dýrari en undanfarin ár nema námskeiðin frá IIA. Með því að auka fjölda þátttakenda lítilliga tókst að ná verðinu í það sem fræðslunefnd taldi ásættanlegt. Ekki er gert ráð fyrir neinum hagnaði af haustráðstefnunni að þessu sinni. Er það von fræðslunefndar Félags um innri endurskoðun að það takist að bjóða upp á gott og áhugavert námskeið á haustráðstefnu félagsins að ári.

### FAGGILTUM FÉLAGSMÖNNUM FJÓLGAR

Á dögum varð Gréta Gunnarsdóttir 16. Íslendingurinn til að hljóta faggildinguna sem innri endurskoðandi (CIA). Viðtal við Grétu er að finna á bls. 3 í fréttablaðinu.

Þá hlutu félagsmennirnir Anna Margrét Jóhannesdóttir, Ágúst Hrafnkelsson og Kundan R. Mishra á dögum CRMA (Certification in Risk Management Assurance) viðurkenninguna.

FIE óskar Grétu, Önnu Margréti, Ágústi og Kundan til hamingju með áfangann.

## KYNNING Á FÉLAGSMANNI

Gréta er fædd í Óðinsvéum í Danmörku árið 1980, en flutti heim á klakann ári seinna. Hún er uppalin á Skaganum og þ.a.l. gallharður stuðningsmaður ÍA. Á fyrstu árum skólagöngunnar, þegar allir strákarnir ætluðu í lögguna og allar stelpurnar í dýralækninn, var einn krakki í bekknum sem ætlaði að verða viðskiptajöfur; umrædd Gréta. Eftir því sem árin liðu breyttust þó áherslur og áhugamál en tölur og talnaleikir af ýmsu tagi hafa þó alltaf legið vel fyrir henni. Þannig skolaðist hún einhvern veginn í gegnum grunn- og framhaldsskóla, ávallt með viðskiptafræði sem ákveðið „baseline“, en fékk svo opinberun um að fara í tölvunarfræði við upphaf háskólanámsins og vinna við eitthvað „geðveikt skemmtilegt“, eins og tölvuleikja- og kvikmyndagerð í sýndarheimum tölvutækninnar! Þvílík vonbrigði sem það voru að átta sig á því að allt námið snérist um högun gagnagrunna, gagnavinnslu og þróun viðskiptakerfa af ýmsu tagi, en það var talið öllu praktískara í kringum aldamótin að vera í svoleiðis námi, enda CCP bara rétt í bleiu á þeim tíma.

Gréta hefur verið félagsmaður frá árinu 2008, en byrjaði fyrst í bransanum hjá Deloitte árið 2004, þá ekki alveg viss hvað Margrét Sanders væri að tala um þegar hún sagði að það vantaði fólk í tölvuendurskoðun hjá sér, en ákvað að slá til svo tölvunámið frá HR væri kannski ekki allt til einskis. Upp laukst heill heimur af skemmtun, þ.e. innri endurskoðun; „þetta er svona eins og vísindaferðirnar hér í den - nema ekkert áfengi“. Snemma árs 2008 lá leiðin frá Deloitte yfir til Glitnis, nú Íslandsbanka, og starfar Gréta þar í dag sem starfsmaður í Innri endurskoðun og einnig sem gæðastjóri deildarinnar. „Maður hlýtur að vera á réttri hillu í lífinu ef maður hlakkar til að mæta í vinnuna alla mánudaga“. Sem betur fer er til alls konar fólk með alls konar áhugamál, t.d. á innri endurskoðun, en hún deilir því áhugamáli með engum... nema samstarfsaðilum sínum og öðrum félagsmönnum FIE. Framundan er frekari þroski í starfi í gegnum viðbótarmenntun, fjölbreytt verkefni í bankanum og virka þátttöku í félagsstarfi FIE þegar býðst.

Gréta er gift Leifi Má Þorsteinssyni og saman eiga þau þrjú börn, 8, 6 og 2 ára. Hvað varðar hefðbundnari áhugamál en vinnutengd málefni er þar helst að nefna samverustundir með fjölskyldunni, bæði heima og heiman, líkamsrækt, föndur og þrjónaskapur. Nú eru einmitt yfirstandandi allsherjar föndurherbúðir á heimilinu þar sem mæðgurnar perla og skrappa jólamyndir af miklum móð. Þrjónaæðið er svo tekið út á fjölskyldumeðlimum inn á milli, en einnig nýtt í jólagjafir og ýmis verkefni tengd góðgerðarfélögum og hjálparstarfi. „Það er stundum skemmtilegra að gefa vinnu heldur en pening sem fer svo bara í einhver óskilgreind verkefni. Ég þoli ekki að vera kalt og vil leggja mitt af mörkum svo engum þurfi að vera kalt, jafnvel þó svo maður býi á Íslandi“.



**Gréta Gunnarsdóttir,**  
sérfræðingur í innri endurskoðun Íslandsbanka

**Fæðingarstaður:**

Óðinsvé, Danmörku,  
1980 (er 12,5%  
Bauni og stolt af því).

**Foreldrar:**

Gunnar H. Sigurðsson  
og Arnbjörg A.  
Guðmundsdóttir.

**Maki:**

Leifur Már  
Þorsteinsson

**Börn:**

María Rún, 8 ára,  
Kristín Gyða, 6 ára,  
og Gunnar Freyr, 2  
ára.

**Menntun:**

Stúdent frá  
Verzlunarskóla  
Íslands, B.Sc. í  
tölvunarfræði frá HR  
2003, Cand Oecon  
frá HÍ 2006, M.Acc  
frá HÍ 2010 og CIA  
fagginging 2013.

## KYNNING Á FÉLAGSMANNI

Að þessu sinni kynnum við Ingunni Ólafsdóttur. Ingunn starfar sem innri endurskoðandi hjá Deloitte en hún hóf nýlega störf hjá fyrirtækinu eftir að hafa starfað við stjórn-sýsluendurskoðun hjá Ríkisendurskoðun frá byrjun árs 2006.

Ingunn gekk í Félag um innri endurskoðun haustið 2010 þegar hún hóf nám í innri endurskoðun. Hún sat í afmælisnefndinni sem falið var að undirbúa tíu ára afmælishátíð félagsins sem haldin var á Hótel Natura þann 15. mars síðastliðinn.

Ingunn lauk stúdentsprófi af hagfræðibraut frá Verzlunarskóla Íslands árið 1997. Bakgrunnur hennar er í stjórnsýslufræðum en hún lauk BA-prófi í stjórn málafræði og frá Háskóla Íslands árið 2002, EMPA-prófi í evrópskum stjórnsýslufræðum frá Kapólska háskólanum í Leuven í Belgíu árið 2003 og alþjóðasamskiptum frá Kent háskólanum á Englandi árið 2004.

Ingunn starfaði með framhaldsnámi hjá Samtökum um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í Evrópu (CSR Europe) sem staðsett er í Brussel. Áhersla í starfi samtakanna er að efla viðskiptasiðferði, umhverfismál, öryggismál og mannréttindi í starfsemi fyrirtækja og veita sérfræðiráðgjöf til meðlima sem voru um 60 stórfyrirtæki starfandi á Evrópusambands svæðinu. Ingunn starfaði í almannatengsladeild og vann verkefni tengd útgáfumálum.

Ingunn var í starfsþjálfun á skrifstofu jafnréttisnefndar Evrópuþingsins veturinn 2004-2005. Hún vann að skýrslugerð og undirbjó þingfundi, ráðstefnur og opinberar heimsóknir á vegum nefndarinnar. Meginverkefni nefndarinnar á þessum tíma tengdust stöðu mannréttinda í Tyrklandi og Lissabon-áætlun Evrópusambandsins um eflingu efnahags og atvinnu í álfunni.

Ingunn hefur starfað við úttektarvinnu frá árinu 2001, meðal annars úttektir á stöðu gagnagrunna á heilbrigðissviði og vísindarannsóknna á vegum Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Vísindasiðanefnd og Landlæknisembættið svo og úttekt á störfum Háskóla Íslands tengdum þróunarstarfi og þróunarlöndum í samstarfi við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Árið 2005 var Ingunn annar höfundur að skýrslu um stöðu háskólamenntunar á Íslandi sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í tengslum við alþjóðlega úttekt Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á stöðu háskólamenntunar í 23 aðildarríkjum samtakanna.

Ingunn starfaði á stjórnsýslusviði Ríkisendurskoðunar frá ársbyrjun 2006. Í störfum sínum hefur hún tekist á við fjölmargar stjórnsýsluúttektir sem snerta ýmsa þætti í starfsemi ríkisins, meðal annars fjármálastjórn, mannauðsmál, verkefnastjórnun og sameiningar í ríkisrekstri. Ingunn tók virkan þátt í að efla starfsemi stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar, meðal annars með undirbúningi á alþjóðlegu ytra gæðamati á starfsemi sviðsins árið 2012 og innleiðingu á stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI-staðlar).

Ingunn lauk innri endurskoðunarprófinu í apríl 2013 og starfar nú sem innri endurskoðandi á sviði áhættuþjónustu Deloitte. Áhættuþjónusta Deloitte annast innri endurskoðun fyrirtækja og stofnana ásamt endurskoðun og ráðgjöf í tengslum við öryggisþætti upplýsingakerfa.

Ingunn á tvö börn með Elvari Arasyni stjórnsýslufræðingi. Hún eignaðist sitt annað barn þann 17. október síðastliðinn. Áhugamál hennar eru samverustundir með fjölskyldu og vinum, kvikmyndir og bókmenntir, samfélagsmál, ferðalög, hreyfing og útivist.



**Ingunn Ólafsdóttir,**

innri endurskoðandi hjá Deloitte

### Foreldrar:

Anna Krístrún  
Björnsdóttir og Ólafur  
Sigurður Jóelsson

### Maki:

Elvar Örn Arason

### Börn:

Benedikt Jóel  
Elvarsson 6 ára (f.  
2007)

Petra Krístrún  
Elvarsdóttir 1  
mánaðar (f. 2013)

### Menntun:

Stúdentspróf frá  
Verzlunarskóla  
Íslands árið 1997

BA próf í  
stjórn málafræði og  
heimspeki frá HÍ  
2002

MPA frá Catholic  
University of Leuven í  
Belgíu árið 2003

MA í  
alþjóðasamskiptum  
frá University of Kent  
at Canterbury á  
Englandi árið 2004

CIA faggilding 2013

Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)

bls. 5 - 3. TBL 2013



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

**Sigríður Guðmundsdóttir, formaður**

**Sif Einarsdóttir**

**Sigrún Lilja Sigmarsdóttir**

**Viðar Kárason**

.....

**Félag um innri endurskoðun** er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. ([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

## PISTILL STJÓRNAR

Ágætu félagsmenn, nú er starf vetrarins komið vel á veg. Á síðasta aðalfundi gengu tveir einstaklingar úr stjórn félagsins, þær Sif Einarsdóttir og Auðbjörg Friðgeirsdóttir, en Hrefna Gunnarsdóttir og Ágúst Hrafnkelsson tóku sæti í stjórninni. Stjórnin tók strax til starfa eftir aðalfundinn og skipti með sér verkum; Anna Margrét formaður, Albert varaformaður, Hrefna gjaldkeri, Ágúst ritari og Nanna meðstjórnandi. Á aðalfundinum voru kjörnir formenn nefnda þau Sigríður Guðmundsdóttir sem formaður fræðslunefndar og Guðjón V. Valdimarsson sem formaður alþjóðanefndar. Þessar nefndir eru vel mannaðar og mikilvægt er að félagsmenn tengist starfi félagsins á sem víðustum grunni. Stjórnin tilnefndi Inga K. Magnússon sem formann síðanefndar félagsins.

Haldinn var stefnumótunarfundur stjórnar og nefnda félagsins hinn 4. september sl. þar sem formenn nefnda félagsins kynntu áherslur í starfi vetrarins. Einnig var farið yfir tækifæri sem heimasíða félagsins býður upp á; annars vegar sem tæki til að kynna félagið og hins vegar til að efla innra starf. Rætt var um áherslur í starfi, mögulegar breytingar á lagaumhverfi innri endurskoðunar og uppfærslu á stefnu og aðgerðaáætlun félagsins. Rætt var um uppbyggingu faggreinarinnar á Íslandi og nauðsyn þess að byggja slíka umræðu á beinni tilvísun í Alþjóðastaðla IIA. Lögð var fram tillaga að stofnun útbreiðslunefndar sem ætlað er að efla kynningu á innri endurskoðun og félaginu meðal innlendra aðila sem standa utan Félags um innri endurskoðun. Ákveðið var að huga að stofnun slíkrar nefndar í vetur.

Fræðslunefndin hóf svo vetrarstarfið með glæsilegri haustráðstefnu um áhættustýringu „Mat á áhættustýringarferlum fyrirtækis þíns“ (e. Assessing Your Organization's Risk Management Process ), 9.-11. október sl. Framundan eru morgunverðarfundir og undirbúningur fyrir Innri endurskoðunardaginn er nú þegar hafinn, en hann verður haldinn 21. mars 2014.

Ágætu félagsmenn, tíunda ári félagsins fer senn að ljúka og stefnum við inn í enn frekari upp-vaxtarár. Við viljum nota tækifærið til að hvetja félagsmenn til þátttöku í öllum viðburðum félagsins og til þess að senda greinar til birtingar í fréttabréf félagsins. Með því geta félagsmenn komið á framfæri reynslu og þekkingu til annarra félagsmanna.

Stjórn FIE



**Stjórn FIE:**

formaður:

**Anna Margrét  
Jóhannesdóttir**



varaformaður:  
**Albert Ólafsson**



gjaldkeri:  
**Hrefna Gunnarsdóttir**



ritari:  
**Ágúst Hrafnkelsson**



meðstjórnandi:  
**Nanna Huld Aradóttir**